

Tölvubraut – opið hús

Tölvubraut í Tækniskólanum verður með opið hús, í samstarfi við nemendafélagið ENIAC, í Vörðuskóla á Skólavörðuholti, **fimmtudaginn 8. desember 2016 kl. 10:00-15:00.**

Á staðnum verða kennarar og nemendur sem svara spurningum um nám á tölvubrautinni.

Margt forvitnilegt að skoða og prófa:

- Verkefni nemenda t.d. vélmenni, tölvuleikir, vefsíður og ýmis forrit.
- Örnámskeið í forritun.
- Tölvuleikjaspilun.
- Innanhúsforritunarkeppni (verðlaun).
- Keppni í tölvusamsetningum (verðlaun).
- Kapphlaup í netsnúrugerð (verðlaun).
- Örfyrirlestrar; ljóð með bot, SQL injection, Git, Drupal, A.I. og fleiri.
- Kynning á forritunarbúðum grunnskóla.
- Kynning á forritunarkeppni grunn- og framhaldsskóla.
- Námskynningar; Vefskólinn og Kvikmyndatækni.
- Opnar kennslustofur.

Smelltu hér til að lesa auglýsinguna.

Forritunarbúðir

Mikið líf og fjör var í Vörðuskóla dagana 12. og 13. febrúar sl., er þar voru haldnar forritunarbúðir fyrir grunnskólanemendur allstaðar af landinu. Búðirnar voru liður í undirbúningi fyrir Forritunarkeppni grunnskólanna, sem fer

fram 1. og 2. apríl nk.

Umgjörð og utanumhald bóðanna var í alla staði óaðfinnanlegt og andrúmsloftið einkenndist af léttleika sem endurspegladist í góðu skipulagi frá hendi starfsfólks og nemenda Tækniskólans. Nemendur tölvubrautarinnar sáu um fræðsluna, voru mjög vel undirbúin og stóðu sig með mikilli þryði.

Grunnskólanemendum var skipt í nokkrar stofur eftir aldri, getu og áhuga. Einstaklega var gaman að sjá hvað þeir voru fljótir að læra og náðu að leysa skemmtileg og fjölbreytt verkefni. Áhersla var lögð á grundvallaratriði forritunar eins og gagnatýpur og breytur, reiknivirkja, virkja og skilyrðissetningar, lykkjur, klasa, fylki og strengi sem fylki.

Forkeppnin er hafin og stendur yfir frá 22.-28. febrúar. Niðurstöður hennar verða nýttar til að skipta nemendum upp í deildir. Við fögnum þessu frábæra framtaki Tækniskólans og það verður spennandi að fylgjast með áframhaldinu.

Bjarndís og Rakel.

Myndirnar hér fyrir neðan voru teknar í Forritunarbúðunum.



